

Grunneining fyrir tengikví 2281 00

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakkerfi

Industriegebiet Mermbach
Dahlenstraße
42477 Radevormwald


P.O. Box 1220
42461 Radevormwald

Sími +49 (0) 21 95 - 602 - 0
Fax +49 (0) 21 95 - 602 - 191

www.gira.de
info@gira.de

10 86 05 31 34/15

Stjórnbúnaður og gaumljós



- 1 Pörunarhnappur
- 2 Endurræsingarhnappur
- 3 Tengi fyrir efri einingu/grunneiningu
- 4 Stöðuljós

Innifalið



Innihald umbúða

Gangið úr skugga um að ekkert vanti í umbúðirnar og að innihaldið sé óskemmt.

Eftirfarandi hlutir fylgja með í umbúðunum:

- 1x tengikví
- 1x notkunarleiðbeiningar

Uppsetningarstaður valinn



Uppsetningarstaður

Velja skal uppsetningarstað þannig að ekki sé hættá á að einhver rekist utan í tækið sem tengt er við búnaðinn.



Tenging við innfellt RDS-útvarp

- Tengja verður tengikvína við innfellda RDS-útvarpið frá Gira til að spila tónlist. Ekki er hægt að tengja hátalara beint við tengikvína.
- Aðeins er hægt að tengja eina tengikví við hvert innfellt RDS-útvarp.

Uppsetning



Varúð


Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Setja skal tengikvína upp innandyrá þar sem hún er varin fyrir vatni sem drýpur eða skvettist.


Rafeindatæki gefa frá sér truflandi merki (t.d. afturverkunarhljóð) sem útvarpstæki taka að hluta til einnig á móti. Af þessum sökum geta komið upp truflanir þegar tengikvíin er sett upp í sama ramma og innfellda RDS-útvarpið eða mjög nálægt því. Áður en uppsetning á slíkri samsetningu fer fram skal gera virkniprófun á staðnum. Hægt er að draga úr truflunum með því að auka bilið á milli tækjanna. Mesta leyfilega lengd leiðslu milli tengikvíarinnar og innfellda RDS-útvarpsins er 3 m.

1. Opnið fyrir fæðispennu og gangið frá leiðslum tengikvíarinnar eftir því hvernig á að nota hana.


Eingöngu sem hleðslustöð




Með tengingu við innfellt RDS-útvarp



Með tengingu við hljómtæki



2. Setjið tengikvína í innfelldu tengidósina og opnið fyrir fæðispennu.
3. Setjið rammann á með klemmustykkinu.



Skiptimillistykki og blindlok

Gætið að eftirfarandi:

- Blindlokið og skiptimillistykkið fylgja ekki með vörunni og þarf því að panta þau sérstaklega.

Almenn tónlistarspilun



Tónlistarspilun og stjórnun hljóðstyrks

- Aðeins er hægt að spila tónlist úr einu tæki í einu í gegnum innfellda RDS-útvarpið. Ekki er hægt að spila tónlist úr fleiri en einu tæki í einu.
- Setja verður tónlistarspilun af stað og stöðva hana í tækinu sjálfu.

Tónlist spiluð í gegnum Bluetooth



Bluetooth-tengi

Tengikvíin er með sívirkt Bluetooth-tengi sem notað er til að spila tónlistarskrár úr öðrum tækjum. Í fyrsta sinn sem viðkomandi tæki er notað þarf að para það við tengikvína. Ef sjálfvirk Bluetooth-tenging er virk í tækinu kemur tengikvíin sjálfkrafa á Bluetooth-tengingu við tækið um leið og það kemur inn á móttökusvæði hennar (3 m).

Bluetooth-tengingu komið á

Parið spilunartækið við tengikvína á eftirfarandi hátt:

1. **Tengikví:** Haldið pörunarhnappinum inni þar til stöðuljosið blikkar í grænum lit. Pörunarstillingin er virk í tvær mínútur.
2. **Spilunartæki:** Kveikið á Bluetooth og veljið tengikvína. Bluetooth-tengingu er komið á sjálfkrafa. Þegar tengingu hefur verið komið á logar stöðuljosið stöðugt í grænum lit og Bluetooth-tengingin er virk.

Tengda innfellda RDS-útvarpið greinir sjálfkrafa þegar byrjað er að spila tónlist.



Pörun

Ef pörun er ekki lokið innan tveggja mínútna frá því að pörunarstillingin er gerð virk verður ferlinu sjálfkrafa hætt.

Pörun getur einnig farið fram eftir að skiptimillistykki eða blindlok er sett á, en á þessum aukabúnaði er lítið op sem til dæmis er hægt að stinga þenna í gegnum til að gera pörunarstillingu virka.



Hámarksfjöldi tækja í minni

Hægt er að tengja allt að átta tæki við tengikvína með Bluetooth.

Þegar níunda tækið er tengt er það tæki fjarlægð af listanum sem hefur ekki tengst tengikvínni í lengstan tíma.

Þegar nýtt tæki er tengt við tengikvína má hún ekki vera með virka Bluetooth-tengingu við annað tæki. Rjúfa verður allar Bluetooth-tengingar fyrst.



Stöðuljós

Þegar Bluetooth-stilling er virk logar stöðuljosið stöðugt í grænum lit. Eftir eina mínútu minnkar tengikvíin birtustig stöðuljössins sjálfkrafa um u.þ.b. 30%.

Bluetooth-tenging rofin

Hægt er að rjúfa Bluetooth-tenginguna á tvo vegu:

- Með því að slökkva á Bluetooth í fartækinu sem spilað er úr, eða
- með því að fara með fartækið sem spilað er úr út af móttökusvæði tengikvíarinnar (3 m).

Bluetooth-tengingu eytt

Bluetooth-tengingum tengikvíarinnar er eytt á eftirfarandi hátt:

1. Haldið pörunarhnappinum inni í tíu sekúndur. Eftir fimm sekúndur blikkar stöðuljosið fyrst í grænum lit og eftir tíu sekúndur í rauðum lit. Þá fyrst er eyðingarstillingin virk.
2. Slepjið pörunarhnappinum innan fimm sekúndna og styðjið svo aftur á hann. Stöðuljosið logar í rauðum lit í fimm sekúndur og sloknar svo. Öllum Bluetooth-tengingum hefur þar með verið eytt fyrir fullt og allt.



Bluetooth-tengingu eytt

Ekki er hægt að eyða út tengingum hvers tækis fyrir sig, heldur þarf alltaf að eyða öllum Bluetooth-tengingum í einu.

Aðeins er hægt að eyða Bluetooth-tengingum á tengikvínni.

Í fartækjunum sjálfum er aðeins hægt að rjúfa Bluetooth-tenginguna hverju sinni.

Endurræsing


Hægt er að endurræsa tengikvína með endurræsingarhnappinum. Bluetooth-tengingar eyðast ekki út við endurræsingu. Gerið eftirfarandi:

1. Fjarlægið skiptimillistykkið/blindlokið til að komast að endurræsingarhnappinum fyrir aftan það.
2. Haldið endurræsingarhnappinum inni í að minnsta kosti fimm sekúndur með viðeigandi áhaldi, t.d. mjóum þenna.

Blindlok sett á/tekið af

Blindlokið er sett á/tekið af með eftirfarandi hætti:

Uppsetning



Tekið af

